

Það krenkir vöxt og viðgang þess eiginlegleika mannsins, sem allt hans siðlerðislega þrek hvílir á. Hann missir traust á sjálfum sér og hjá honum vex upp efi og tortryggni til alls og allra, eða þá að öðrum kosti að hann verður að skínhelgum hræsna. Þegar menn sjá lengra en þeir leyfa sér að ganga, þá er fyrsti grundvöllurinn lagður undir hræsni og yfirdrepskap.

Það, sem menn eiga langerviðast með, er að hræsna fyrir sjálfum sér í trúmálum, en þegar loks búið er að kenna þeim að ganga á því hála svelli, þá er mjög létt úr því að halda áfram ofan í móti og verða að sannfæringarlausri vindrellu, er snýst með öllum áttum.

III.

Að rannsóknir líkar þeim, og að ofan er greint frá, skuli vera hafnar í Bandaríkjunum, sýnir að þar eru tínamót í trúarbragðalega heiminum.

Þjóðfélagsfræðin (Sociology) hefir komið af stað rannsóknum á siðmenningarstigum þeim, er hinar ýmsu stéttir mannfélagsins eru komnar á, svo sem lífnaðarháttum þeirra, atvinnugreinum og því, er miðar almenningi í heild sinni til heilla eða óheilla. Sem árangur af þessu starfi mannfélagsfræðinga mætti nefna ýmsar líknarstofnanir, er risið hafa upp í seinni tíð, líkt og ótal „Reformatory“ fram og aftur um hinn enska heim; verkstæði í sambandi við hegningarhúsin, sóttgæzlur í borgum og fl. Það, sem ekki er minnst um vert, er sú vaxandi viðurkenning, er erviðismaðurinn hefir öðlast í þjóðfélaginu, sem er beint þessu að þakka. Atvinnuspursmál hans eru orðin að landsmálum. Hann sjálfur er orðinn jafnoki sinna efnaðri meðborgara og persóna hans jafn heilög í augum laganna og þeirra, er fleiri dali á.

En nú er þjóðfélagsfræðin farin að ganga lengra. Nú er hún byrjuð á því, að taka til fhugunar kyrkjulífið líka. Enda hlaut að því að reka. Því margar mannfélagsins stærstu nauðir eiga þaðan ættir að telja. En nú er eftir að vita, hvernig kyrkjan sjálf tekur á móti þeim rannsóknum.

Fram að þessum tíma hafa fáir guðfræðingar skift sér mikið af því, að hvaða niðurstöðu þjóðfélagsfræðingar hafa komist. Margir hafa tekið vel á móti ýmsum bendingum í umbótaáttina,